

Mál nr. 177/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Verktakar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3. júní 2022, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 23. júní 2022, ásamt fylgiskjöllum og myndbandsupptöku.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 30. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 14. mars 2022 hafi tjón orðið á bifreið M og fleiri bifreiðum sem stóðu mannlausar á bifreiðastæði fyrir utan vinnusvæði X. Í málinu liggur fyrir skýrsla frá Aðstoð & öryggi um tjón sem varð á fjórum bifreiðum sem lagt var á bifreiðastæðinu þennan dag. Haft er eftir eigendum bifreiðanna að frauðplastplötur hafi fokið af vinnusvæði á vegum X og á bifreiðarnar. Að sögn M hafi hann séð erlenda starfsmenn á vegum X hlaupandi um á eftir frauðplastplötum sem voru fjúkandi um svæðið. Náðu þeir plötunum og fluttu inn á vinnusvæði sitt. Enginn framburður var tekinn af starfsmönnum X. Á grundvelli þessa krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með tölvupósti dags. 4. apríl 2022.

M rekur tjón á bifreiðinni til frauðplastplatna í eigu X og að tjónið megi rekja til gáleysis af hálfu starfsmanna X sem gerðu ekki nægjanlegar ráðstafanir til þess að varna foki. Veðurvíðvaranir, ýmist gular eða appelsínugular, voru í gildi fyrir þennan dag og höfðu þær verið auglýstar víða á hinum ýmsu samfélags- og fréttamiðlum. Gera verði þá kröfu til X, sem og annarra byggingaverktaka, að grípa til sérstakra ráðstafana þegar búast megi við slíkum veðurofsa sem sérstaklega er varað við og gæta þess að gengið sé þannig frá vinnusvæðum að frágangur efnis, búnaðar og tækja, skapi ekki hættu fyrir fólk eða valdi tjóni á eigum annarra. Vísar M til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 79/2019, máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að ekki hafi verið sýnt fram á það með sannanlegum hætti að tjón á bifreiðunum verði rakið til þeirra platna sem fuku frá vinnusvæði X. Starfsmenn X hafi ekki orðið varir við að plötur hafi fokið á bifreiðarnar. Telja þeir að ýmislegt annað lauslegt hafi verið að fjúka frá öðrum nálægum byggingarsvæðum. Leggur V fram myndband sem sýnir mikið rusl á öðru byggingarsvæði við bifreiðastæðið. Auk þess hafi ekki verið sýnt fram á að frágangur á byggingarsvæði X hafi verið óforsvaranlegur eða til þess fallinn að valda tjóni. Há girðing er við byggingarsvæðið og var búið að fergja plöturnar. Ekki sé hægt að fyrirbyggja allt tjón vegna óveðurs og hafi plöturnar valdið tjóninu hafi tjónið orðið vegna óviðráðanlegra ytri aðstæðna sem enginn ber skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Í gögnum málsins liggja ekki fyrir myndir af frágangi á því svæði sem framkvæmdir á vegum X voru á í apríl 2022 og engin vitni voru að tjónsatvikinu. Þannig liggja ekki fyrir ótvíræð sönnunargögn um það hvað olli tjóni á bifreið M, hvaðan það hafi fokið eða með hvaða hætti gengið var frá því efni sem fauk á bifreiðarnar í aðdraganda tjónsins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum í skaðabótarétti ber sá sönnunarbyrði um atvik og aðstæður sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á sínu tjóni. Slíka sönnunarbyrði ber M í þessu máli og telst hann ekki hafa lagt fram gögn sem sýna með skýrum hætti að tjón á bifreið hans sé hægt að rekja til þess frauðplastplatna á vegum X eða að frágangur þeirra hafi með einhverjum hætti brotið í bága við það sem almennt má gera ráð fyrir. Hallann af slíkum sönnunarskorti verður því að leggja á M sem á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir